

**Almenn stefna - Inngangur**

Kjarasamningar Reykjavíkurborgar taki mið af almennri launapróun á íslenskum vinnumarkaði. Áfram verður lögð áhersla á að styðja við aukinn kaupmátt og efnahagslegan stöðugleika. Þá verði fylgt eftir samkomulagi aðila vinnumarkaðarins um að jafna kjör launafólks á opinberum og almennum vinnumarkaði eins og kostur er í framhaldi af samræmingu lífeyrisréttinda.

Launastefna Reykjavíkurborgar styðji við mannauðsstefnu borgarinnar og stuðlað verði að aukinni skilvirkni í rekstri og bættri þjónustu.

**Jafnrétti í launasetningu**

Innleiðing á Jafnlaunastaðli styður við þá stefnumörkun Reykjavíkurborgar um að greiða sömu laun fyrir jafnverðmæt störf. Áfram verði unnið að þróun og endurbótum á Starfsmati sem styður við samhæft mat á störfum.

Mikilvægt er að uppsetning og efnisinnihald kjarasamninga verði samhæft eins og kostur er, samhliða innleiðingu á Jafnlaunastaðli sem dregur þannig úr mögulegum mistúlkunum og ágreiningi.

**Endurskoðun á launatöflum**

Farið verði í endurskoðun á launatöflum og tengingu starfsmats við launatöflur auk þess að endurskoða bil á milli launaflokka.

**Fjölskylduvæn starfskilyrði**

Reykjavíkurborg hefur heilsu starfsfólks og vellíðan í fyrirrúmi sem skilar sér í aukinni ánægju og bættri þjónustu til borgarbúa. Í því ljósi er mikilvægt að meta áhrif af tilraunaverkefni um styttingu vinnutímans. Þá verði einnig horft til áhrifa veikindabáttar og skipulag vinnutíma og álagsgreiðslna.

**Mat á námi**

Reykjavíkurborg leggur áherslu á að starfsfólk hafi tækifæri til starfsþróunar og því er mikilvægt að skoðað sé með samræmdum hætti hvernig nám er metið til launa.

**Viðbótarlaunakerfi**

Við innleiðingu á Jafnlaunastaðli og til viðbótar grunn Starfsmats verði með samræmdum hætti lagður grunnur að viðbótarlaunakerfi sem metur hæfni einstaklinga.